Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 21

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 1.

# Útskript
úr
lögreglu þingbók Reykjavíkur.

Ár 1885 hinn 16. desember var lögregluþing sett og haldið á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík af hinum reglulega dómara E. Th. Jónassen með vottum Franz Siemsen og Þorkeli Þorlákssyni og var þá þar tekið fyrir að fá

skýrslu um hvar Jónas Benidiktsson tómthúsmaður á Grímstaðaholti hjer í bænum ætti sveit.

Í rjettinum er mættur Jónas Benidiktsson. Var hann áminntur um að segja satt. Hann skýrir svo frá að hann sje 44 ára að aldri, fæddur á Vatnsskarði í Skagafjarðarsýslu af foreldrum Benidikt Jónssyni og Guðbjörgu Guðmundsdóttur; þaðan kvaðst hann hafa flutzt á 1. ári að Hamrakoti í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu með foreldrum sínum og hafi hann svo dvalið þar í hreppi til þess hann var þrítugur að aldri á ýmsum stöðum meðal annars á Torfalæk, Sauðanesi og Hjaltabakka, en úr Torfalækjarhreppi hafi hann flutzt suður á Strönd fyrir 11 árum síðan vor kemur, dvalið svo þar 3 ár, þaðan

ad Bfft Nr. 240/87

ad Korrsp B. Nr. 55-86.
ad " Nr. 154-86.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farið að Þórukoti á Álptanesi í Gullbringusýslu og hafi hann komið þaðan hingað í bæinn og sje í vor eð kemur búinn að vera hjer 8 ár; hann kveðst lítið hafa fiskað næstundanfarin ár og sje orðinn hjer skuldugur; nú segist hann vera bjargarlaus fyrir sig og heimili sitt, og beiddist þess vegna um hjálp af fátækrasjóði 10 kr. er hann samt vonast eptir að geta borgað aptur á vori komanda sjálfur. Upplesið játað rjett bókað.

Rjetti sagt slitið.

E. Th. Jónassen.

Franz Siemsen
Þ. Þorláksson

"

" "

Rjetta útskript staðfestir.

ETh Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónas Benedictsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 2.

Með brjefi dags. 16. marz síðastl. senduð þjer, velborni herra sýslumaður, hreppsnefndinni í Torfalækjarhreppi staðfesta útskript úr lögregluþingbók Reykjavíkurkaupstaðar, innihaldandi rjettarpróf um sveitfesti Jónasar nokkurs Benidiktssonar, og óskuðuð þjer jafnframt að fá yfirlýsingu hreppsnefndarinnar um, hvert hún viðurkendi sveitfesti Jónasar þessa.

Samkvæmt útskript þessari, var í rjettinum mættur Jónas Benidiktsson og skýrði hann þar svo frá, að hann sje 44 ára að aldri, fæddur á Vatnsskarði í Skagafjarðarsýslu af foreldrum Benidikt Jónssyni og Guðbjörgu Guðmundsdóttur; þaðan hvaðst hann hafa flutzt á 1 ári að Hamrakoti í Torfalækjarhreppi, í Húnavatnssýslu með foreldrum sínum, hafi hann svo dvalið þar í hreppnum til þess hann var þrítugur að aldri á ýmsum stöðum, meðal annars á Torfalæk Sandanesi og Hjaltabakka, en úr Torfalækjarhreppi hafi hann flutzt ~~suður á Strönd~~ fyrir 11 árum síðan í ver kemur.

Hofs B № 154–86 ad B. [illegible] № 240 / 1886

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af framanrituðu hefi eg gjört fyrirspurn til sóknarprestsins í Þingeyra og Þjaltabakkasóknum viðvíkjandi vistarveru Jónasar þessa, og hefur hann með þjer meðfylgjandi brjefi dags. 20 f. m. sent mér útdrátt úr bókum Þingeyra og Þjaltabakkasókna um það efni.

Útdráttur þessi, sem er mjög ósamkvæmur rjettarprófs útskriptinni, ber það með sjer, að Jónas þessi hefur ekki dvalið samflytt í Torfalækjarhreppi nema að eins 8 ár, og þar af leiðir að hann hefur ei getað innunnið sjer sveitfesti í Torfalækjarhreppi.

Eins og áður er áminnst kveðst nefndur Jónas hafa dvalið í Torfalækjarhrepp til þess hann ~~var~~ þrítugur að aldri, en flutst úr Torfalækjarhreppi fyrir 11 árum síðan. Hvernig þetta samrímist er óskiljanlegt, því þrítugur hefur hann að líkindum verið árið 1871 eða 72, en síðan verið 1875 voru nærfl. ver 11 ár.

Eptir því sem næst verður komist af þeim upplýsing-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um sem fengist hafa, þá hefði nefndur Jónas ráð fyrir
sunnan haust, vetrar og ververtíð í nokkur ár áður
en hann telur sig að hafa flutt alfarinn suður, en kom-
ið norður í kaupavinnu á sumrin og talið sig að
eiga heimili fyrir sunnan.

Eg læt því hjer með eigi hjá líða að tilkynna
yður, velborni herra sýslumaður, að af framangreind-
um ástæðum getur hreppsnefnd Torfalækjarhrepps
ekki viðurkennt að Jónas þessi Benidiktsen eigi fram-
færslusveit í Torfalækjarhreppi.

Hjaltabakka 20 nóv. 1886

í umboði hreppsnefndarinnar

Böðvar Þorláksson

Til

Sýslumannsins í Húnavatnssýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af brjefi bæjarfógetans í Reykjavik, dags. 2. marz f.á. skoraði jeg hinn 16. f.m. á hreppsnefndina í Torfalæksjarhreppi, að senda mjer yfirlýsingu sína um, hvort hún viðurkenndi sveitfesti Jónasar sál. Benediktssonar, er þar ræðir um, en eptir að jeg loksins, eptir ítrekaða áskorun, hafði fengið yfirlýsingu þessa, þótti mjer nauðsyn til bera að fá útskript úr kirkjubókum hlutaðeigandi prestakalla um dvöl og verustaði Jónasar þessa hjer nyrðra, og hlutaðist jeg því til um það. –

Jeg leyfi mjer nú að senda yður,

Bsp No 240/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herra bæjarfógeti, yfirlýsingarbrjef hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhrepp á
/ þessu máli, dags. 20. nóvember f.á., og 3
3/ staðfesta útdrætti úr Kirkjubókunum, Hjaltabakka, Auðkúlu- og Bergsstaðaprestakalla, samt það endursenda rjettarprófsútskriptina, er fylgdi brjefi bæjar-
/ fógetans til mín, og fáið þjer af brjefi hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhreppi sjeð, það hún vill ekki viðurkenna sveitfesti Jónasar Pázturnefnds Benediktssonar, enda er skýrsla hans um dvöl hans og verustaði í Torfalækjarhreppi svo ónákvæmlega bókuð, það ekki er gott það átta sig á henni, jafnvel þó sjá megi, það hún er ósamhljóða kirkjubókarútdráttunum, og hlýtur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því það vera meira eður minna óáreiðan-
legt. — Áðurnefnd skjöl þessa máls, 5 að tölu,
eru merkt No 1-5. —

Skrifstofu Húnavatnssýslu 26. marz 1887.

Lárus Blöndal

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur